



Aðalfundargerð.

Aðalfundur Félags skógarbænda á Austurlandi haldinn á Eiðum 9. Apríl 2017 og hefst kl. 20:10 Mættir eru 20 bændur. Marianna formaður setur fund og afhendir Eddu Björnsdóttur fundarstjórn og Halldór ritar fundargerð.

Edda tekur við stjórnartaumum og gengið er til dagskrár samkv. samþykktum félagsins.

1. Fundur settur. Lögmæti fundar kannað.
2. Skýrsla stjórnar frá síðasta aðalfundi.
3. Endurskoðaðir ársreikningar félagsins lagðir fram og afgreiddir.
4. Inntaka nýrra félaga.
5. Félagsgjöld ársins ákveðin.
6. Lagabreytingar, hafi komið fram formlegar tillögur þar um og kynntar með fundarboði.
7. Kosning stjórnar og tveggja skoðunarmanna reikninga.
8. Tilnefna aðal- og varamann til setu í stjórn LSE til eins árs.
9. Önnur mál.
10. Fundi slitið.

1. Boðað er til fundarins samkvæmt lögum félagsins og því er fundurinn lögmætur

2. Formaður flytur eftirfarandi skýrslu stjórnar félags skógarbænda á Austurlandi á aðalfundi 2017 Í stjórn sitja Halldór Sigurðsson, Marianna Jóhannsdóttir, Björn Ármann Ólafsson, Borgþór Jónsson og Helgi Bragason. 9 stjórnarfundir hafa verið haldnir á árinu. Talsverð vinna stjórnar fór í undirbúning og skipulag aðalfundar LSE sem var haldinn í Valaskjálfi 7.-8. október sl.. Fundurinn gekk vel og honum voru m.a. gerð skil í blaði samtakanna, Við skógareigendur í desember sl. Farið var í gönguferð í Miðhúsaskóg þar sem vel var tekið á móti fundarmönnum og eru Edda og Hlyni færðar kærar þakkar fyrir móttökuna. Þeir skógarbændur sem aðstoðuðu við fundinn fá líka þakkar fyrir sína aðstoð. Þar voru t.d. ritarar, fundarstjórar, framsaga á fundinum frá Bjarka á Víðvöllum og ýmislegt annað. Árshátíðin þótti takast vel, Sigfús á Brekku var veislustjóri og Andrés Björnsson hagröðingur skemmti, fluttu tónlistaratriði og leikið var fyrir dansi eftir borðhald. Félagið hefur haft aðkomu að hefðbundnum verkefnum með samstarfsaðilum og þar má nefna

- Skógardaginn mikla í Hallormsstaðaskógi var haldinn í 11. sinn og heppnaðist mjög vel í blíðskapar veðri. Samvinna við bændur í öðrum búgreinum gerir þennan dag mun meira áberandi en ef við stæðum ein að honum og þannig teljum við í stjórninni að hann sé vel heppnaður og undirbúningur að næsta skógardegi stendur yfir.
- Jólakötturinn í Barra þar sem Helgi Bragason og fleiri skógarbændur hafa staðið að undirbúningi og framkvæmd markaðarins. Nokkrir skógarbændur seldu jólatré og boðið var upp á ketillkaffi og fleira.



- Ormsteiti á Egilsstöðum þar sem boðið var upp á ketilkaffi, trjábólir voru sagðir, skógarplöntur úr ræktun Barra voru til sýnis. Afurðaskýrsluniðurstöður frá 2016 voru til kynningar af plagötum og bændur svöruðu fyrirspurnum.

Það er mikil vinna sem felst í undirbúningi þessara daga og ég vil nota tækifærið og þakka þeim sem komu að honum kærlega fyrir vel unnin störf.

- Félag skógarbænda fékk á fyrra ári 800,000,- styrk frá Uppbyggingarsjóði Austurlands vegna verkefnis sem við sóttum um og heitir „Umbreyting – efnisrannsókn í skógi. Verkefnið var unnið í samstarfi við Listaháskólann. Frumkvæði að þessari umsókn kom frá Garðari Eyjólfssyni lektor Lí og umsóknin var unnin af Austurbrú. Niðurstöður verkefnisins var kynnt á Hönnunarmars í Reykjavík nýverið og verður síðar á árinu kynnt hér heima.
 - Viðarkyndistöðin á Hallormsstað – beiðni kom á sínum tíma frá Hitaveitunni um beina aðkomu félagsins að viðaröflun. Borgþór í Hvammi var skipaður í nefnd ásamt öðrum til að kanna möguleika á því að halda kyndistöðinni gangandi áfram og sótt var um styrk úr kolefnasjóði Umhverfisráðuneytisins til að greiða fyrir lausn. Við fengum 3 milljónir sem Skógræktin hefur milligöngu um greiðslu á til bænda. Borgþór fór víða um innanvert Héraðið og hafði milligöngu um sölu á efni sem bændur áttu á sínum jörðum.
 - Erindi hefur borist frá Fljótsdalshéraði um sköpun listaverka úr viði sem verða sýnileg á opnum svæðum. Stjórn tók vel í hugmyndina og þessu verður fylgt eftir.
 - Óskað var eftir því að við tilnefndum fulltrúa í samráðsnefnd fyrir hönd félagsins. Nefndin hefur það hlutverk að móta samstarf Skógræktarinnar og LSE eftir sameiningu. Edda Björnsdóttir er okkar fulltrúi í þeirri nefnd.
 - Stjórnin setti fram athugasemdir við frumvarp til laga um skóga og skógrækt, þar sem við leggjum höfuðáherslu á að haft verði samráð um þau mál sem snúa beint að skógarbændum.
 - Stjórn okkar félags óskaði eftir hækkun á töxtum við Skógræktina frá því sem lagt var fyrir LSE og það fékkst samþykkt. Það þýðir 2% hækkun fyrir Austfirðinga en meira fyrir aðra því nú er verið að samræma taxa á landinu.
3. Fundarstjóri fer yfir reikninga í fjarveru gjaldkera, Björns Ármanns sem ekki gat verið á fundinum. Rekstartekjur voru kr. 4.967.976 en rekstrargjöld kr. 6.702.630. og því var tap fyrir fjármagnsliði upp á kr. 1.734.654 og skapast það fyrst og fremst af lokauppgjöri afurðamiðstöðvarverkefnis en töluverðir styrkir komu út á það verkefni 2015 sem þýddi verulegan hagnað á því ári. Einnig var kostnaður viðaðalfund Lse sem haldinn var á Egilsstöðum s.l. haust. Í efnahagsreikningu kemur fram að hlutafé í Barra hefur verið fært niður í kr. 0 en eignir alls eru kr. 5.250.304 Umræður um skýrslu og reikninga: Jói Þórhalls spyr um eignfærslu viðarkurlara en hann er í reikningum eignfærður á 1.350.000 Þorsteinn Pétursson spyr um hvort aths. hafi verið gerðar við frumvarp til nýrra skógræktarlaga og var vitnað í fundargerð stjórnar frá 22. Mars 2017. Unnar Elísson spyr um styrki og skýrslu Afurðamiðstöðvar sem áður er getið. Lárus Heiðarsson spyr hvað hækkun á skógræktartöxtum þýði fyrir framkvæmdir. Hækkunin kostar Skógræktina um 2 millj. sem verður tekið af öðrum liðum s.s. slóðagerð og plöntuframleiðslu. Nú ber fundarstjóri upp reikninga og eru þeir samþykktir með öllum greiddum atkvæðum.
4. Vilhjálmur Karl Jóhannsson og Svanfríður Óladóttir á Prepi ganga í félagið.



5. Fyrir liggur tillaga frá stjórn um að félagsgjald verði hækkað úr kr. 7.000 á skógræktarjörð í kr. 10.000 en gjald pr. einstakling kr. 1.500 verði óbreytt. Samþykkt samhljóða.
6. Engar tillögur að lagabreytingum liggja fyrir fundinum.
7. Björn Ármann og Helgi Bragason vilja draga sig út úr stjórn og í framhaldi af því var gengið til kosninga.

Aðalmenn:

Marianna	18 atkv.
Halldór	17 atkv.
Borgþór	17 atkv.
Guðný Drífa	17 atkv.
Jóhann Þórh.	13 atkv.

Til vara:

Lárus	3 atkv.
Vilhjálmur Karl	1 atkv.

Skoðunarmenn:

Elvar og Edda endurkjörin

8. Borgór leggur fram eftirfarandi tillögu.

- Ályktun aðalfundar félags skógarbænda á Austurlandi

Aðalfundur félags skógarbænda á Austurlandi haldinn á Eiðum 9. apríl 2017 beinir því til til Umhverfis og auðlindaráðuneytis að það hlutist til um að fjárframlög til skógræktar á bújörðum verði aukið nú þegar.

Greinargerð.

Í hruninu 2008 voru fjárveitingar til skógrektarverkefnanna lækkaðar verulega eins og skiljanlegt er. En þrátt fyrir bættan efnahag á síðustu árum hefur raungildi þessara fjárveitinga farið stöðugt lækkandi.

Á þessum tíma hefur bæst nýr kostnaðarliður við verkefnið á Austurlandi sem er millibilsjöfnun. Sá liður er algerlega nauðsynlegur þáttur í umhirðu skógarins til að hann verði að auðlind, en ekki „illgresi“. Með nauðsynlegri umhirðu mun ræktunin fá verulegt efnahagslegt gildi í stað þess að vera sóun á landi og til ama fyrir þá sem um það fara.

Til að reyna að mæta að hluta til þessari þörf fyrir umhirðu, hafa fjárveitingar til nýgróðursetninga verið skornar niður þannig að sá þáttur er kominn langt niður fyrir það sem nauðsynleg er til að samfella fáist til lengri tíma í skógarnytjarnar. Timburiðnaður sem stendur frammi fyrir áralöngu gati í framboði á hráefni á sér ekki bjarta framtíð.

Nú hefur í raun verið þrengt svo að verkefninu á Austurlandi að fljótlega verðum við að taka ákvörðun um að hætta frekari plöntun, en reyna þess í stað að bjarga sem mestu af þeim skógi sem þegar hefur verið plantað.

Jói Þórhalls leggur til að kolefnisbindingu verði bætt inn í tillöguna, Lárus kemur mælir með að „illgresi“ og sóun á landi verði lagfært og síðan er tillögunni vísað til stjórnar.



- Jói Gísli fer yfir verkefni Lse sem nú er tengt B.Í. meira en áður og fjárveiting til Lse kemur í gegn um rammisamning nýrra búvörusamninga og er 14-15 millj næstu 4 ár. Þá fór hann yfir tillögur frá síðasta aðalfundi Lse og sagði frá nýrri heimasíðu og Fésbókarsíðu.
- Kalli spyr um Skógarorku á Hallormsstað sem nú stefnir í að verði lokað í næsta mánuði. Það varð kveikja að löngum og líflegum umræðum þar sem Borgþór fór m.a. yfir framboð af kurlu, jafnframt því að greiðslugeta kyndistöðvarinnar fyrir kurl dygði aðeins fyrir kurlun og flutningi en þá væri vinna bóndans óbætt og því varla raunhæft að hægt sé að útvega hráefni fyrir stöðina. Þá sagði hann þetta aðeins vera fyrstu erfiðleikana sem bændur standa frammi fyrir því mikið vanti upp á skráningu skógræktarsvæðanna og úttekt á þeim viði sem þar er til staðar. Þetta verði varla lagfært nema til komi kerfi með rafrænum umhirðuáætlunum. Jói Þórhalls tók í sama streng og sagði nú aðeins millibilsjafnaða um 100 ha á ári en þyrftu að vera 300. Lárus lagði orð í belg og sagði þetta allt af vera vandamál í skógrækt, enda féllu 80-90% verðmæta skógarafurða til við lokahögg.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl 22:48

Fundarritari.

Fundarstjóri.

Halldór Sigurðsson

Edda Björnsdóttir